

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. nóvember 2024

Mál nr. E-3070/2023:

A

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf., B og C

(Heiðar Örn Stefánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 3. apríl 2023 og dómtekið 8. október 2024. Stefnandi er A en stefndu eru Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, B og C.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 6.384.500 krónur, með 4,5% ársvöxtum, frá 31. október 2017 til 11. júlí 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádregnum 1.871.397 krónum þann 10. ágúst 2022 og 1.968.650 krónum þann 15. janúar 2024. Þá er gerð krafa um málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Til vara gerir stefnandi þá dómkröfu að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 5.680.000 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 31. október 2014 til 11. júlí 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádregnum 1.871.397 krónum þann 10. ágúst 2022 og 1.968.650 krónum þann 15. janúar 2024. Þá er gerð krafa um málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá er gerð krafa um málskostnað.

I

Málsatvik

Stefnandi lenti í umferðarslysi 7. júlí 2014 og varð fyrir líkamstjóni. Var hann metinn til 40 stiga miska og 65% örorku með matsgerð, dags. 8. mars 2017. Þá komst örorkunefnd að sömu niðurstöðu í álitinu sínu, dags. 7. september 2017.

Stefnandi höfðaði mál á hendur stefndu 4. október 2018 þar sem deilt var um fjárhæð miskabóta og bóta vegna varanlegrar örorku. Matsmenn, sem dómkvaddir voru

Í sérstöku matsmáli fyrir höfðun dómsmálsins, komust að þeirri niðurstöðu í matsgerð sinni, dags. 4. mars 2019, að varanlegur miski næmi 18 stigum en varanleg örorka 25%. Var helsta ástæða þess að mat dómkvaddra matsmanna var lægra en fyrri mót sú að geðrænar afleiðingar slyssins væru minni en þar hefði verið talið. Undir rekstri málsins voru síðan dómkvaddir matsmenn að beiðni stefnanda sem mátu sérstaklega hvort stefnandi hefði orðið fyrir geðrænu tjóni í kjölfar slyssins. Með matsgerð, dags. 4. október 2019, komust matsmenn að þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði þjást af þunglyndi og áfallastreituröskun eftir slysið sem væru afleiðing þess og mátu þau einkenni til 15 miskastiga.

Í dómsmáli stefnanda var fallist á þrautavarakröfu hans sem var að fjárhæð 47.756.329 krónur en til frádráttar komu innborganir stefnda inn á höfuðstól bóta fyrir málshöfðun.

Í fyrrgreindu dómsmáli var ekki fjallað um sjúkrakostnað. Voru matsmenn dómkvaddir 5. mars 2018 af hálfu stefnanda til að meta hann en þeir luku ekki störfum fyrr en 11. maí 2022. Var ástæða tafanna sú að stefnandi óskaði þess að beðið yrði eftir niðurstöðu úr dómsmálinu. Niðurstaða matsmanna var að sjúkrakostnaður stefnanda frá slysdegi til stöðugleikapunkts, 31. október 2014, hefði verið 160.790 krónur. Sjúkrakostnað frá þeim degi til matsfundar, 6. apríl 2022, töldu þeir hafa verið 5.288.038 krónur og sjúkrakostnað frá þeim degi til 67 ára aldurs áætluðu þeir 65.622 krónur. Þeir töldu síðan að umræddur sjúkrakostnaður, umreiknaður til staðgreiðslu miðað við 31. október 2017, væri 6.292.904 krónur. Lýsa matsmenn því í matsgerðinni að kostnaðartölur fram til stöðugleikapunkts, 31. október 2014, hafi einfaldlega verið lagðar saman. Kostnaðartölur frá þeim tíma til matsfundar 6. apríl 2022 hafi verið teknar saman eftir mánuðum og síðan afvaxtaðar miðað við greiðslu um miðjan hvern mánuð með 4,5% vöxtum skaðabótaglaga til stöðugleika 31. október 2014. Framtíðarkostnaður miðað við 31. október 2014 væri reiknaður út frá kostnaðartölum á ársgrundvelli miðað við samfelldar greiðslur frá 4. apríl 2022 til 2. febrúar 2023, er matsbeiðandi yrði 67 ára. Kemur fram í matsgerðinni að matsmenn tóku inn í umræddan kostnað læknaðkostnað, lyfjakostnað, kostnað við sjúkraþjálfun, lögfræðikostnað, kostnað við akstur og síðan annað. Kemur einnig fram að matið hafi verið byggt á kostnaðarnótum og útreikningi á aksturskostnaði, en matsmenn hafi fengið yfirlitstöflur á tölvutæku formi.

Í kjölfar þess að niðurstaða matsmanna lá fyrir sendi stefnandi stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. kröfubréf og gerði sömu kröfur og í máli þessu. Stefndi svaraði því með tölvupósti, dags. 18. júlí 2022. Kom þar fram að til einföldunar og til að

auka líkur á sátt féllist stefndi á kröfu um sjúkrakostnað frá slysdegi að batahvörfum og frá matsfundi til framtíðar. Kom á hinn bóginn fram að stefndi gæti ekki fallist á að greiða alla kröfu stefnanda vegna annars tímabilsins og að stefndi gerði athugasemdir við að inni í útreikningum matsmanna væru liðir sem ekki gætu talist til sjúkrakostnaðar. Féllst stefndi þó á að greiða kröfuliðina læknskostnað, lyfjakostnað og sjúkrapjálfun. Með vísan til þessa féllst stefndi á að greiða alls 2.384.492 krónur vegna umrædds tímabils en hafnaði kröfu stefnanda varðandi það að öðru leyti. Nam því samþykkt krafa alls 2.610.904, en þar sem stefndi hafði áður greitt 739.507 krónur inn á umræddu kröfu var sú fjárhæð dregin frá áður en stefndi greiddi 1.871.397 krónur inn á kröfuna.

Stefnandi sætti sig ekki við að stefndu skyldu ekki greiða alla þá fjárhæð sem tiltekin er í niðurstöðu matsmanna um sjúkrakostnað og höfðaði því mál þetta.

Undir rekstri málsins greiddi stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. 1.968.650 krónur til viðbótar inn á kröfu stefnanda, 982.800 krónur vegna legu stefnanda á Heilsustofnun NLFÍ og 985.850 krónur ótilgreint inn á höfuðstól kröfunnar.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu dómkvöddu matsmennirnir D og E.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann hafi aflað mats dómkvaddra matsmanna, sem ekki hafi verið hnekkt, þ.e. matsgerðar um sjúkrakostnað sinn vegna afleiðinga umferðarslyssins, þann 7. júlí 2014. Dómkvaðningunni hafi ekki verið mótmælt af stefndu á nokkurn hátt og ekki hafi verið gerðar athugasemdir við bréf stefnanda til hinna dómkvöddu matsmanna. Þá hafi stefndu engar athugasemdir sent til dómkvaddra matsmanna varðandi matsbeiðnina og matsfundinn. Stefndu hafi ekki mætt á matsfund, þrátt fyrir boðun, og engar athugasemdir gert við matsbeiðnina, fyrr en 18. júlí 2022. Stefndu hafi því sýnt af sér ákveðið tómlæti og fyrirgert mótmælum sínum við kröfunni.

Stefnandi byggir á því að réttur hans til að krefjast bóta vegna sjúkrakostnaðar sé ekki takmarkaður við tímabilið frá tjónsdegi fram til stöðuleikatímapunkts/ stöðugleikadags/batahvarfa, enda sé engin heimild fyrir því í 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Byggir stefnandi á því að viðurkennt sé að ef sýnt sé fram á að slíkur kostnaður hafi fallið til síðar eða sýnt sé fram á að kostnaðurinn sé nauðsynlegur til viðhalds heilsu viðkomandi tjónþola og afleiðinga af hinu bótaskylda slysi sé slíkur kostnaður greiðsluskyldur.

Stefnandi byggir á því að í matsgerðinni hafi sjúkrakostnaður hans verið færður til eingreiðsluverðmætis á stöðuleikadegi, 31. október 2014, í samræmi við ákvæði 1. gr. a í dönsku skaðabótalögnum, en sú aðferðafræði hafi verið viðurkennd í dómafrankvæmd hér á landi.

Segir stefnandi að sá kostnaður sem hann krefjist bóta fyrir sé kostnaður vegna sjúkraþjálfunar, kostnaður vegna lækniástoðar, kostnaður vegna lyfjakaupa og aksturskostnaður. Byggir stefnandi á því að til grundvallar kostnaðinum liggi reikningar og nótur nema vegna aksturskostnaðarins sem sé áætlaður. Stefnandi byggir einnig á að dvöl á endurhæfingarstofnun falli undir sjúkrakostnað.

Stefnandi byggir á að samkvæmt þeirri matsgerð sem hann byggi kröfu sína á hafi hann, árið 2022, þurft sjúkraþjálfun og lækniástoð vegna slyssins 2014 og þarfnist slíkrar ástoðar í framtíðinni, vegna þess líkamstjóns sem hann hafi þá orðið fyrir, eins og kveðið sé á um í matsgerð dómkvaddra matsmanna.

Stefnandi kveðst byggja á því að krafa hans sé ekki fyrnd. Um sé að ræða bætur vegna líkamstjóns sem falli undir 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, þar sem kveðið sé á um 10 ára fyrningartíma kröfuréttinda vegna líkamstjóns í 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. fyrningarlaga. Einnig segi í 1. málslíð 9. gr. fyrningarlaga að nauðsynlegar upplýsingar þurfi að vera fyrir hendi svo hægt sé að gera kröfuna og miða verði við hvenær þessar upplýsingar hafi verið fyrir hendi, eins og segi í 1. mgr. 99. greinar eldri umferðarlaga. Í þessu efni vísi stefnandi til þess að sú matsgerð sem hann reisi kröfur sínar á sé frá 6. apríl 2022. Vísar stefnandi til aðdraganda matsgerðarinnar og að máli hans vegna kröfu um miskabætur og bætur fyrir varanlega örorku hafi ekki lokið fyrr en 29. janúar 2021.

Stefnandi kveðst einnig byggja dómkröfu sína á 2. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar, er hafi tekið gildi 15. maí 2019, þar sem kveðið sé á um 10 ára fyrningarfrest í öllum tilvikum þar sem um kröfu vegna líkamstjóns sé að ræða. Byggi stefnandi á að krafa hans falli, frá 15. maí 2019, undir 2. mgr. 23. gr. þeirra laga. Stefnandi kveðst benda á að ívilnandi lagaákvæði séu látin gilda aftur fyrir gildistöku þeirra, ef t.d. um bótakröfu vegna líkamstjóns sé að ræða.

Stefnandi kveðst byggja á að fyrningu þurfi skuldari að bera fyrir sig til að á henni verði byggt, en það hafi hið stefnda félag ekki gert fyrr en 18. júlí 2022 án þess að vísað sé til þeirrar lagaheimildar sem félagið byggi fyrningarmálsástæðu sína á. Því hafi stefndu fyrirgert rétti sínum í þessu efni.

Loks kveðst stefnandi byggja á að fyrning kröfunnar hafi verið rofin með greiðslu inn á kröfu hans í ágúst 2022.

Málsástæður stefndu

Stefndu byggja á því að sem tjónþoli í skaðabótamáli beri stefnandi alla sönnunarbyrði fyrir umfangi tjóns síns. Stefnandi hafi aflað matsgerðar dómkvaddra matsmanna þar sem lagt hafi verið mat á sjúkrakostnað stefnanda í samræmi við spurningar og forsendur sem hann hafi gefið matsmönnum. Stefnandi beri áhættuna af því hvort matsgerðin nýtist til sönnunar í málinu. Matsgerðin sé haldin þeim ágalla að í henni sé ekki gerður greinarmunur á kostnaði sem stefnandi hefði sjálfur þurft að bera óbættan og kostnaði sem stefndi hefði þegar greitt. Þá hefði engin sjálfstæð athugun farið fram á kostnaðarþátttöku þriðja aðila né verið tíundaður réttur stefnanda til greiðslna frá þriðja aðila vegna þess kostnaðar sem lagður sé til grundvallar í matinu. Þessu til viðbótar hafi ekki farið fram greining á því hvort sá kostnaður sem stefnandi hafi tiltekið teljist í raun sjúkrakostnaður í skilningi 1. mgr. skaðabótalaga heldur hafi lögmannskostnaður, dómsgjöld og kostnaður við öflun álits örorkunefndar t.a.m. verið talinn til sjúkrakostnaðar með sama hætti og t.d. kostnaður við heimsóknir til sjúkráþjálfara.

Stefndu byggja á því að ágallar á framkvæmd matsins, auk ágalla á þeim upplýsingum sem stefnandi hafi látið matsmönnum í té til að vinna úr, leiði til þess að forsendur matsins og niðurstöður þess séu rangar. Ágallar þessir séu slíkir að ekki sé á matsgerðinni byggjandi. Þessu til viðbótar sé framsetning útreikninga í matsgerðinni þannig að sé einum kröfulið hafnað verði ómögulegt að reikna út hver niðurstaða matsmanna sé að teknu tilliti til þess.

Stefndu hafna því að þau hafi fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig varnir. Ef undan sé skilin 31. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi stefndu sömu heimild og aðrir til að bera fyrir sig allar tiltækar varnir.

Stefndu benda á að aðeins kostnaður sem falli til við meðferð tjónþola eftir tjóns- atburð sé sjúkrakostnaður samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga og þá að svo miklu leyti sem hann sé ekki greiddur úr opinberum sjóðum. Stefnu geti ekki upplýst hver kostnaðarþátttaka hins opinbera hafi verið og það sé því stefnandi sem sanna verði að hve miklu leyti kostnaður hans hafi ekki verið greiddur úr opinberum sjóðum. Það hafi stefnandi

ekki gert með fullnægjandi hætti. Telji stefndu að stefnandi verði að leggja fram heildstætt yfirlit yfir kostnaðarþátttöku opinberra sjóða og einnig greiðslur frá öðrum aðilum, svo sem sjúkrasjóði stéttarfélags.

Hvað varðar fyrningu byggja stefndu aðallega á að um fyrningu fari eftir ákvæðum laga sem um kröfu gilda þegar til hennar stofnast. Þegar slys stefnanda hafi átt sér stað hafi gilt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um fyrningu bótakrafna stefnanda. Krefjist stefnandi vaxta frá slysdegi og byggi þannig á að kröfur hans hafi stofnast þann dag. Byggja stefndu á því að 99. gr. eldri umferðarlaga gildi um allar kröfur stefnanda. Samkvæmt henni fynnist bótakröfur á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi hafi fengið vitneskju um kröfu sína og hafi átt þess kost að leita fullnustu hennar. Hafi stefnandi óumdeilanlega vitað af sjúkrakostnaði sínum eftir því sem hann hafi fallið til og ekkert staðið því í vegi að hann krefðist endurgreiðslu hans jafnóðum og hann hefði fallið til. Hefðu kröfur stefnanda því fyrnst á fjórum árum frá næstu áramótum eftir að kostnaður hefði fallið til hverju sinni.

Stefndu hafna því að um fyrningu krafna geti gilt önnur lög en hafi gilt þegar kröfur stefnanda hafi stofnast. Slík niðurstaða væri andstæð almennum reglum um laga-skil. Þá hafi margsinnis verið dæmt um að greiðslur tryggingafélags, sem beri samkvæmt þeim reglum sem um starfsemi þeirra gildi að greiða hverju sinni þá fjárhæð sem það telji sér skylt að greiða, rjúfi ekki fyrningu vegna kröfuliða sem ekki séu greiddir. Því til viðbótar hafi stefndi sett fram sérstakan fyrirvara við greiðslu árið 2022.

Hvað varðar lögmannskostnað, sem stefnandi krefjist að fá greiddan, byggja stefndu á því að allar fjárhæðir þar að lútandi, sem skráðar séu á yfirliti stefnanda undir þeim lið, séu þess eðlis að hann falli undir málskostnað þegar höfðað sé dómsmál til innheimtu þeirrar kröfu sem hann tengist. Allar þær fjárhæðir sem skráðar séu á yfirliti stefnanda undir liðnum lögfræðikostnaður séu vegna kostnaðar sem fallið hafi til fyrir dómsuppkvaðningu í máli nr. E-3181/2018. Með greiðslu málskostnaðar samkvæmt dómsorði í þeim dómi hafi því allur þessi kostnaður verið gerður upp. Þetta eigi einnig við um kostnað sem skráður sé á yfirliti stefnanda sem *annað* en beri með sér að vera dómsgjöld.

Hvað varðar aksturskostnað benda stefndu á að krafa stefnanda sé þannig fram sett að reiknaður sé kílómetrafjöldi frá heimili stefnanda að starfsstöð heilbrigðisstarfsfólks, lyfsala, lögmannna, matsmanna og hverra þeirra aðila sem gefi út kvittanir sem stefnandi byggi kröfur sínar á. Sé þannig gert ráð fyrir að í hvert skipti sem gefin

hafi verið út greiðslukvittun hafi stefnandi þurft að aka frá heimili sínu og á starfsstöð þess sem gefið hafi kvittunina út. Með matsgerð dómkvaddra matsmanna hafi krafa stefnanda síðan verið lækkuð um helming með þeim rökum að í einhverjum tilvikum hefði mátt samnýta ferðir.

Stefndu byggja á því að ekki sé nóg að líta einungis til þess að samnýta hefði mátt ferðir. Það liggi einfaldlega ekki fyrir sönnun um að stefnandi hafi í hvert skipti þurft að aka frá heimili sínu og síðan heim aftur. Þá liggi ekki fyrir að ferðirnar hafi ekki nýst til annars. Þá benda stefndu á að í mörgum tilvikanna hafi sú þjónusta sem stefnandi hafi fengið ekki krafist þess að hann ferðaðist á starfsstöð þess sem þjónustuna veitti. Loks liggi ekkert fyrir um hvaða tegund ökutækis hafi verið um að ræða og því sé ósannað að reiknað kílómetragjald sé rétt.

Stefndu mótmæla vaxtakröfu stefnanda. Telja þeir að sjúkrakostnaður, eins og annar útlagður kostnaður, beri ekki vexti frá slysdegi heldur beri að miða við þann dag sem lagt var út fyrir honum.

III

Niðurstaða

Ágreiningur í máli þessu snýst um sjúkrakostnað stefnanda vegna slyss sem hann varð fyrir í júlí 2014. Kröfuna byggir stefnandi á matsgerð dómkvaddra matsmanna sem dagsett er 6. apríl 2022.

Niðurstaða matsmanna var að sjúkrakostnaður stefnanda hefði verið samtals 6.292.904 krónur. Eins og fram kemur hér að framan var útlögðum kostnaði skipt í þrjú tímabil, í samræmi við matsspurningar. Töldu matsmenn að sjúkrakostnaður stefnanda frá slysdegi til stöðugleikapunkts 31. október 2014 hefði verið 160.790 krónur. Sjúkrakostnað frá þeim degi til matsfundar 6. apríl 2022 töldu þeir hafa verið 5.288.038 krónur og sjúkrakostnað frá þeim degi til 67 ára aldurs áætluðu þeir 65.622 krónur. Þeir töldu síðan að umræddur sjúkrakostnaður, umreiknaður til staðgreiðslu miðað við 31. október 2017, væri, sem fyrr sagði, 6.292.904 krónur. Kemur fram að í matgerðinni hafi verið byggt á kostnaðarnótum og útreikningi á aksturskostnaði.

Í kjölfar þess að niðurstaða matsgerðar lá fyrir féllst stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. á að greiða sjúkrakostnað frá slysdegi að batahvörfum og frá matsfundi til framtíðar. Hvað varðar tímabilið frá batahvörfum til matsfundar féllst stefndi á að greiða alls 2.384.492 krónur en hafnaði kröfu vegna þess tímabils að öðru leyti. Nam því

samþykkt krafa alls 2.610.904 krónum, en þar sem stefndi hafði áður greitt 739.507 krónur inn á umræddu kröfu var sú fjárhæð dregin frá áður en stefndi greiddi 1.871.397 krónur inn á kröfuna. Undir rekstri málsins greiddi stefndi 1.968.650 krónur til viðbótar inn á kröfu stefnanda, 982.800 krónur vegna dvalar stefnanda á Heilsustofnun NLFÍ en 985.850 krónur ótilgreint inn á höfuðstól kröfu stefnanda.

Ekki er fallist á að stefndu hafi með neinum hætti fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig varnir í málinu. Þá er ekki fallist á að slíkir ágallar séu á þeirri matsgerð sem stefnandi byggir kröfu sína á að ekki sé á henni byggjandi í málinu.

Í málinu deila aðilar um hvort krafa stefnanda sé fyrnd.

Stefnandi byggir á því að um sé að ræða bætur fyrir líkamstjón sem falli undir 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda og því sé fyrningarfrestur kröfu hans 10 ár. Á það verður ekki fallist. Þegar slys stefnanda átti sér stað gildi 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um fyrningu bótakrafna hans. Var umrædd regla sérregla sem gildi framar almennum reglum um fyrningu kröfuréttinda.

Stefnandi byggir einnig á því að 2. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2019 eigi hér við, en þar er kveðið á um 10 ára fyrningarfrest í öllum tilvikum. Umrædd lög tóku hins vegar ekki gildi fyrr en 1. janúar 2020, sbr. 27. gr. laganna. Er ekki vikið að lagaskilum í lögskýringargögnum með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum. Verður að mati dómsins að ganga út frá því að reglur eldri laga gildi um tjónsatvik sem urðu fyrir gildistöku umræddra laga. Gildir því fyrrgreind 2. mgr. 23. gr. laga nr. 30/2019 ekki um kröfu stefnanda í máli þessu.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem gildi á slysdegi, gildi um fyrningu krafna stefnanda í máli þessu. Fyrnast þær því á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar en þó í síðasta lagi á 10 árum frá tjónsatburði.

Kemur þá til skoðunar hvenær stefnandi fékk vitneskju um þær kröfur sem hann byggir mál þetta á og hvenær hann átti kost á að leita fullnustu þeirra.

Stefnandi byggir kröfur sínar, sem fyrr sagði, á matsgerð dómkvaddra matsmanna sem dagsett er 11. maí 2022. Hún byggist á hinn bóginn á framlögðum reikningum og kvittunum varðandi hið ætlaða tjón stefnanda. Liggur fyrir í málinu óumdeilt yfirlit um þann útlagða kostnað sem krafa stefnanda byggist á og koma þar m.a. fram þær dagsetningar þegar kostnaður féll til hverju sinni. Verður, að mati dómsins, við það að miða

að stefnandi hafi fengið vitneskju um umræddan kostnað þegar hann féll til hverju sinni og að hann hafi þá þegar átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar. Miðast því upphaf fyrningar, hverju sinni, við þann dag sem stefnandi lagði út fyrir tilgreindum kostnaði.

Mál þetta var höfðað 3. apríl 2023. Kemur því til skoðunar hvaða kröfur, ef einhverjar, voru fyrndar miðað við fjögurra ára fyrningartíma, þ.e. féllu til fyrir áramótin 2018/2019.

Sem fyrr segir liggur fyrir í málinu yfirlit um umræddan kostnað stefnanda og hvenær hann féll til, en einnig liggja fyrir í málinu kvittanir sem yfirlitið er byggt á. Þegar umrætt yfirlit er skoðað kemur í ljós að ófyrnd útgjöld eru í fyrsta lagi 117 krónur vegna lyfjakostnaðar. Sú krafa var hins vegar meðal þess sem stefnandi féllst á að greiða og greiddi á fyrri stigum, svo sem áður var rakið. Sama á við um ófyrndan útlagðan kostnað, vegna legu stefnanda á Heilsustofnun NLFÍ, að fjárhæð samtals 982.800 krónur sem stefndi samþykkti að greiða og greiddi við meðferð málsins fyrir dómi. Þá á það sama einnig við um ófyrndan útlagðan kostnað vegna sjúkraþjálfunar að fjárhæð 185.049 krónur. Loks hefur stefndi greitt áætlaðan framtíðarkostnað samkvæmt matsgerð, 65.622 krónur. Eftir stendur ógreiddur aksturskostnaður sem samkvæmt matsgerð er 203.335 krónur. Eins og áður hefur komið fram hefur stefnandi greitt, við meðferð málsins fyrir dómi, mun hærri fjárhæð, eða 985.850 krónur, ótilgreint inn á höfuðstól kröfu stefnanda.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda í málinu, enda hefur stefnandi ekki sýnt fram á að hann eigi kröfu á hendur stefnanda umfram þá fjárhæð sem stefndi hefur þegar greitt stefnanda.

Í ljósi þessarar niðurstöðu verður ekki séð að aðrar málsástæður sem aðilar hafa haft uppi í máli þessu geti haft þýðingu í því eða þarfnist frekari úrlausnar.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 29. desember 2023. Greiðist allur gjafsóknarkostnaður hans úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar, lögmanns. Ekki eru efni til að fallast að fullu á framlagða kröfu um málflutningsþóknun lögmanns stefnanda þar sem tímafjöldi sem bókaður er í tímaskýrslu lögmannsins er nokkuð úr hófi.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf., B og C, eru sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar, 2.200.000 krónur.

Björn Þorvaldsson